

Nd.

19. Frumvarp til laga

[19. mál]

um breyting á lögum nr. 7 14. júní 1929, um tannlækningar.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.

4. töluliður 1. málsg. 1. gr. laganna orðist svo:
Heimilt er að synja manni leyfis, ef 2. málsg. 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans.

2. gr.

9. gr. laganna falli niður.

3. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt samhliða frv. um breytingu á almennum hegningarlögum, enda stendur það í nánnum tengslum við það frv.

Í frv. er lagt til, að breytt verði ákvæðum um skilyrði þess að öðlast leyfi til að stunda tannlækningar, sbr. 1. gr. frv., svo og ákvæðunum um sviptingu slíks leyfis, sbr. 2. gr. frv.

Hér er fjallað um sérhæfð réttindi. Þykir rétt að kveða svo á um þau, að heimilt sé að synja þeim manni um réttindi þessi, er hlotið hefur refsídóm, ef hinn refsiverði verknaður þykir bera vott um verulega hættu á því að maður muni misfara með réttindi. Verður stjórnvöld að meta það hverju sinni, hver tengsl eru hér milli refsíðoms, sem maður hefur sætt, og þeirra réttinda, sem hann sækir um. Hafa ber í huga í þessu sambandi, hve langt er umliðið síðan refsíðómur gekk og hegðun manns upp frá því, og sömuleiðis ber að taka tillit til þess, hvort réttindi, er refsíðómur lýtur að, hafa verið endurveitt í einhverri mynd.

Að öðru leyti þykir mega vísa til greinargerðar fyrir ofan nefndu frv. til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, sbr. þskj. 217, 1957.